

Vitur læknir.

Það sem segir af Boerhaave (ekki Boor-) nýlega í Sdbl. Vís-
is sýnir vel, hversu vitur hann
var þessi læknir og náttúru-
fræðingur. Hann var háskóla-
kennari í læknisfræði og grasa-
fræði, síðar einnig í efnafræði.
Verkaskipting í vísindum var á
þeim tímum miklu minni en
nú, og ekki löngu fyrir hans
daga gat vísindamaður byrjað
á því að vera prófessor í nátt-
úrufræði, þeim vísindum, sem
í þá daga voru minnst metin,
og endað sem prófessor í guð-
fræði; og þótti þá hafa vel
vegnað. En þó var ekki í þá
daga til neinn skilningur á því,
að nokkurt samband gæti verið
milli náttúrufræði og guðfræði;
sá skilningur kemur ekki til
sögunnar fyr en á vorum dög-
um. — Vízka Boerhaave virðist
mér lýsa sér vel í því, sem hann
segir um þýðingu blóðhitans.
Það getur ekki verið neitt vafa-
mál, að mikið af veikindaböli

mannanna stafar af því, að
blóðhitinn er of lítill. Með heit-
ara blóði væri ekkert kvef, eng-
in berklaveiki; og manni gæli
jafnvel komið í hug, hvort ekki
mætti bæta því við, að ef blóð-
hitinn væri meiri og hringrás
blóðsins í líkamanum fullkomn-
ari, þá væru heldur engin
krabbamein.

Það er sérstaklega skilning-
ur Boerhaave á þýðingu fótá-
kuldans, sem er eftirtektarverð-
ur. Sennilega væri mestallt kvef
úr sögunni, ef mönnum tækist
að koma í veg fyrir, að þeim
kólnaði á fótum. Hversu lítill
gaumur þessu hefir verið gef-
inn, má nokkuð marka af því,
að í skóverzlunum er, að því er
eg held, varla nokkuð til af skó-
fatnaði, sem hentugt sé til að
halda fótunum heitum á fólki,
sem hefir miklar kyrrsetur eða
kyrrstöður.

Júni.

Helgi Pjeturss.